


# S



Bygginganefnd Dalvíkur

23. apr 1982

Hér með fer ég þess á leit við bygginganefnd, að hún heimili að settur verði gluggi, 50 x 50 sm, á suðurhlið efri hæðar hússins Hólavegur 11. Gluggi þessi er nauðsynlegur til að gera íbúðarhæft súðarherbergi þar inná. Herbergi þetta er hugsað sem aðsetur annars af tveimur börnum fjölskyldunnar, en þessi þrýstihópur hefur uppi sanngjarnar kröfur um sérherbergi. Eru líkur taldar á, að friðvænlegra verði á heimilinu ef þær kröfur ná fram að ganga.

Beini ég því þessu erindi til bygginganefndar í von um góðar undirtektir.

Með vinsemd og virðingu

Jóel Kr. Ríkarðsson